



Eitt af nýju húsunum í Úthlíð sem stendur nú félagsmönnum til boða.

Þrjár sameiningar á einu ári

Lækkun á félagsgjaldi

Félag iðn- og tæknigreina gekk í gegnum 3 sameiningar á síðasta ári. Fyrst var gengið frá sameiningu við lönsveinafélag Suðurnesja og gildi sú sameining frá janúarbyrjun 2007 þó að sameiningarferlinu væri ekki lokið fyrr en í febrúar. Þá var gengið til sameiningar við Sveinafélag járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum og tók sú sameining gildi 1. júlí og að lokum sameinaðist Sveinafélag pípulagningarmanna og FIT og lauk því ferli með formlegri sameiningu 1. janúar s.l. Það er ljóst að eftir þessar sameiningar er FIT geysilega öflugt og stórt og er félagsmannafjöldinn að nálgast fjórða þúsundið. Þessi stærð veitir mikla hagkvæmni í rekstri sem lýsir sér best í því að mögulegt var að fara í lækkun á félagsgjaldinu úr 1% í 0,7%. Þetta er bein kjarabót fyrir félagsmenn því félagsgjaldið er tekið af launum félagsmanns. Þrátt fyrir þetta er ekki ætlunin að draga

úr styrkjum eða þjónustu heldur þvert á móti verður lögð sérstök áhersla á aukna og bætta þjónustu.



Frá vinnustaðafundi í Brimborg.

Bættu um betur – leið til árangurs

Margir einstaklingar á vinnumarkaðnum hafa í gegnum áralanga reynslu byggt upp umtalsverða færni í ákveðinni iðngrein, en ekki lokið námi af einhverjum ástæðum. Þessir einstaklingar búa yfir raunfærni sem vert er að skoða og meta. Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi.

Bættu um betur er tilraunaverkefni þar sem gengið er út frá að eðlilegt sé að meta færni sem til staðar er óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Verkefnið bættu um betur – í bílgreinum hófst vorið 2007 og voru samstarfsaðilar verkefnisins ÍÐAN fræðslusetur, Fræðslumiðstöð



Frá útskrift BUB, 24. janúar sl.

atvinnulífsins, Mímir símenntun og Borgarholtsskóli. Verkefnið bættu um betur – í húsasmíði var samstarfsverkefni ÍÐUNNAR fræðsluseturs, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Íðnskólans í Reykjavík og Fjölbrautarskólans í Breiðholti og bættu um betur – í málaraíðn var sameiginlegt verkefni ÍÐUNNAR fræðsluseturs, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Íðnskólans í Reykjavík.

Þann 24. janúar útskrifaðist fyrsti hópurinn í bílgreinum, húsasmíði og málaraíðn/ bættu um betur, alls 43 manns. Útskriftin fór fram hjá ÍÐUNNI fræðslusetri. Náms- og starfsráðgjafar ÍÐUNNAR fræðsluseturs

afhentu þátttakendum skírteini og námsáætlun um hvernig þeir geta lokið sveinsprófi. Nánari upplýsingar um verkefnið er hægt að finna á www.idan.is eða í síma 590 6400.



Íðunn, sarfsmaður Íðunnar.



Íðunn, Ingólfur og Edda.



Íðunn afhendir skírteini.



Ingibjörg og Hildur Elín.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000

Ábyrgðarmaður:

Hilmar Harðarson.

1. tbl. 6. árg. janúar 2008

Prentumsjón:

Stafræna prentsmiðjan ehf - www.smidjan.is

Lítið hefur þokast

Kjarasamningsgerð

Kjarasamningar á almennum vinnu- markaði runnu út um síðustu áramót og tókst ekki, þrátt fyrir góðan vilja að ljúka gerð nýs kjarasamnings fyrir áramót. Í heildina tekið má segja að lítið hafi þokast ennþá og flestum tillögum sem komið hafa frá verka- lýðshreyfingunni hefur verið hafnað. Eins og flestir muna var gerð tilraun til að ná samkomulagi um skatta- breytingar sem koma mundu hinum lægst launuðu best en stjórnvöld höfðu tillögum ASÍ og fór mikið þúður í að snúa útúr tillögunum með því að gefa sér aðrar forsendur en ASÍ lagði upp með. Að undanfögnu hefur töluvert verið tekist á um sam- ningstíma og hafa menn þar rætt um allt frá eins árs samningi til fjögurra ára samnings en SA leggur á það áherslu að samið verið til lengri tíma en skemmri.

Nokkuð hefur verið rætt um sam- ningsforsendur og virðist vera mjög erfitt að spá um framtíðina í ljósi þeirra miklu lækkana sem verið hafa á hlutabréfamarkaði undanfarið. Þá hefur einnig verið rætt um kaup- hækkunartryggingu og hvernig hægt væri að tryggja sem best að launa- hækkanir færu fyrst og fremst til þeirra sem ekki hafa notið launa- skriðs. Leggur SA mikla áherslu á að ekki verði um almennar hækkanir að ræða heldur fyrst og fremst taxta- hækkanir í krónutölum en ekki prósentum.



Frá vinnustaðafundi í Norðurál.

Innan samninganefndar Samiðnar eru uppi efasemdir um framkvæmd hækkana með sama móti og gert var við endurskoðun samningsins 2006 þegar svokallaður baksýnispegill var notaður á hækkanir þeirra sem höfðu laun umfram taxa. Ástæðan er mikill hreyfanleiki starfsmanna í almennum iðngreinum. Lögð hefur verið áhersla á almennar launahækkanir í stað kauphækkunartrygginga en þó ekki útilokað að horfa til þriggja ára sam- ningstíma ef samkomulag næst um raunhæf og skynsamleg endurskoð- unarákvæði. Ekki hefur verið tekið vel í hugmyndir SA um fjögurra ára kjarasamning.

Viðræðunefnd Samiðnar hefur verið ötul við að dreifa upplýsingum um gang mála til aðalsamninga- nefndar og nokkura trúnaðarmanna félaganna og hefur í því skyni sett inn upplýsingar á lokað svæði á vefnum sem þessir aðilar hafa aðgang að.

Hvað varðar framhaldið er ekki ólíklegt að draga fari til tíðinda á næstu dögum (skrifað 28.janúar) og vonast samninganefndin til að áherslur Samiðnar fái meira svigrúm í viðræðunum og mun kalla eftir skýr- ari svörum frá SA.

Ný heimasíða – Nýtt merki

Þessa dagana er verið að vinna við gerð nýrrar heimasíðu hjá FIT. Þar verður kynnt til sögunnar nýtt merki (logo) fyrir FIT, sem ætlunin er að auglýsa vel og rækilega í framtíðinni. Allt viðmót og yfirbragð á að vera léttara og notendavænna á nýja vefnum og upplýsingagjöf aukast verulega. Settar verða inn upplýsingar um kjarasamninga, styrki og þjónustu og reynt að hafa allt sem aðgengileg-

ast fyrir félagsmenn.

Á nýjum orlofsvef sem ætlunin er að taka í notkun í febrúar, verða meiri og ítarlegri upplýsingar um búnað og staðsetningu húsanna og lögð verður áhersla á að setja inn myndir í sumar. Þá verður hægt að sækja rafrænt um orlofskosti sem verða í boði og greiða strax og prenta út samninga. Áfram verður þó að sækja um sumarúthlut- anir.



Frá fundi í Sementsverksmiðjunni.



Þrír nýir orlofskostir

Eftir að síðasti orlofsbæklingur var gefinn út hafa bæst við 3 orlofskostir. Með sameiningunni við Sveinafélag járníðanaðarmanna í Vestmannaeyjum kom íbúð í Hátúni 4 í Reykjavík. Þetta er 3ja herbergja íbúð sem Eyjamenn voru byrjaðir að endurnýja og er komin ný eldhúsinnrétting. Ákveðið hefur verið að nú í byrjun febrúar verði lokað í mánuð og skipt um gólfefni o.fl. Eftir breytingar verður gert ráð fyrir 5 svefnstæðum í tveimur svefnherbergjum.

Með sameiningu við Sveinafélag pípulagningarmanna bættust við tvö hús í Úthlíð. Um er að ræða nýlega bústaði með öllum helstu þægindum svo sem potti. Annað húsið er 53 fermetrar og hitt húsið er 64 fermetrar.

Þessir orlofskostir eru í boði í gegnum þjónustuskrifstofuna þar til nýr orlofsvefur kemst í gagníð.



Húsið í Orlando

Gríðarleg viðbrögð urðu við nýju húsi FIT í Orlando og mikið hringt og bókað. Staðan í dag er sú að mjög lítið er laust nema í lok október og fram að jólum. Stefnt er á að opna fyrir pantanir ársins 2009 þann 1. mars n.k. á nýjum orlofsvef en fyrirhugað er að í framtíðinni verði opnað í ársbyrjun á næsta ár á eftir, þannig yrði opnað í byrjun janúar á næsta ári

fyrir bókanir ársins 2010. Þegar ný orlofsvefurinn opnar verða settar inn myndir og nánari upplýsingar um húsið. Þá verður einnig hægt að sjá hvað er laust á árinu. Í sumar eru Flugleiðir með daglegt flug til Orlando en flogið er tvisvar í viku á vetrartíma. Einnig er hægt að fljúga til New York eða Baltimore og fara með innanlandsflugi til Orlando.

Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17 gr. laga félagsins segir: *Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fjórir meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga árlega. Aðalstjórn félagsins er jafnframt stjórn sjúkrasjóðs. Uppstillinganefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert. Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur nefndarinnar og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi. Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla.*

Ekki er í lögunum kveðið á um hvernig uppstillinganefnd skuli kosin, en frá upphafi hefur stjórn félagsins gert tillögu um hana til aðalfundar og hún starfað á milli aðalfunda.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20.grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga. Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 31 félagsmenn og 31 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1-62 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félags-

ins Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21.grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur kjarasamninga, verkföll og allsherjar- atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL Á SPÁNI EÐA FERÐATILBOÐ SUMARIÐ 2008

Umsóknir sendist til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fax 5356020 - Sími 5356000 - Tölvupóstur: orlof@felag.is

Hægt er að fylla umsóknina út og senda hana sem viðhengi í tölvupósti, með faxi eða í pósti.

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Sími (gsm)	
Netfang			

TORREVIEJA Á SPÁNI

Verð fyrir íbúðina í Torrevieja er kr. 55.000 (lokaþrif innif.)

Íbúðin er einungis leigð til tveggja vikna í senn.

Verð fyrir flug til Alicante með Sumarferðum er kr. 33.400.

Flugvallarskattar eru innifaldir í verðinu.

Ekki er skilyrði að flogið sé út á vegum Sumarferða

Teknir eru 36 orlofspunktur fyrir úthlutun á íbúðinni.

VERÐDÆMI:

1 í íbúð m.flugi	88,400 kr. á mann
2 í íbúð m.flugi	60.900 kr. á mann
3 í íbúð m.flugi	51.733 kr. á mann
4 í íbúð m.flugi	47.150 kr á mann
5 í íbúð m.flugi	44.400 kr á mann
6 í íbúð m.flugi	42.567 kr á mann

FERÐATILBOÐ SUMARFERÐA, PLÚSFERÐA EÐA ÚRVALS-ÚTSÝNAR

Að þessu sinni er boðið upp á 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar. Félagsmenn sækja um til félagsins og þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða 5.000 króna þóknun en geta í framhaldinu framvísað tilboðsstaðfestingu hjá Sumarferðum, Plúsferðum eða Úrval-Útsýn og fengið 35.000.- króna lækkun á ferð. Raunlækkun er því 30.000.-krónur. Teknir eru 36 orlofspunktur fyrir ferðatilboð. Ferðatilboðið gildir í allar pakkaferðir ofangreindra ferðaskrifstofa á tímabilinu frá maí til loka september 2008.

Sjá nánar um ferðir á www.sumarferdir.is / www.plusferdir.is og www.uu.is

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um annarsvegar Torrevieja á Spáni og hinsvegar ferðatilboð með Sumarferðum, Plúsferðum eða Úrvali-Útsýn.

Upphafsdagur	→	22. maí	5. júní	19. júní	3. júlí	17. júlí	31. júlí	14. ágúst
Lokadagur	→	5. júní	19. júní	3. júlí	17. júlí	31. júlí	14. ágúst	28. ágúst
Torrevieja								

**Merkið með
tölunni 1
sem fyrsta
valkost en 2,
3, 4, 5 eða 6
til vara.**

Ferðatilboð Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar

Umsóknir verða að hafa borist til FIT í síðasta lagi **19. febrúar**

Hægt er að nálgast umsókanareyðublöð á www.fit.is

Upplýsingar um íbúðina á Spáni



Útsýni frá svölum íbúðarinnar í Torrevieja

Heimilisfang:

El Molino

Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza del Molino

Fase II

Torrevieja

Alicante - Spánn

(5 hæð íbúð nr.9)

Íbúðin er með tveim svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum.

Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu.

Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn ofl.

Íbúðin er á efstu hæð (5. hæð). Lyfta er í húsinu.

Örstutt er niður á strönd og í stóra verslun þar sem hægt er að versla fatnað, húsgögn, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spilasalur, bíó, matvöruverslun og margir veitingastaðir.

Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara með nesti eða kaupa léttar veitingar.

Í sólina með Úrval-útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum

FIT, í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir úrval útsýn og Plúsferðir býður félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna sumarið 2008.

Fyrirkommulagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um afsláttarkjör til FIT fyrir 19.febrúar og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofs-sjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kolli.

Sá sem fær úthlutun verður að greiða 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raun afsláttur er 30.000 krónur. Með staðfestinu frá FIT fer félagsmaðurinn til einhvers af ferðaskrifstofunum og framvísar plagginu og fær afslátt á ferð sem hann hefur pantað eða ætlar að panta til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna. Umsóknir skulu berast með tölvupósti á thskrif@samidn.is eða til skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Munið að umsóknir þurfa að hafa borist á skrifstofu FIT að kvöldi 19. febrúar

Allar nánari upplýsingar hjá þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000



Tillaga Uppstillingarnefndar Félags iðn- og tæknigreina fyrir aðalfund 2008

Tillaga uppstillingarnefndar um hluta stjórnar til aðalfundar 2010

Varaformaður: Tryggvi F. Arnarson

Gjaldkeri: Ármann Ægir Magnússon

Meðstjórnandi: Einar Þór Gíslason

Meðstjórnandi: Sveinn Jónsson

Meðstjórnandi: Andrés H. Hreinsson

Meðstjórnandi: Helgi Pálsson

Varamaður: Helgi Ólafsson

Varamaður: Logi Halldórsson

Varamaður: Rúnar Bogason

Tillaga uppstillingarnefndar á aðalfundi 2008 um kjörstjórn til ársins 2009:

Aðalmenn:

Tryggvi Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík
Kristinn Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík

Varamenn:

Sigurður Hafliðason,
garðyrkjumaður, Reykjavík
Arnar Helgason,
húsasmiður, Hafnarfirði

Tillaga uppstillingarnefndar á aðalfundi 2008 um félagslega skoðunarmenn reikninga til ársins 2009.

Aðalmenn:

Erlendur Eiríksson,
málari, Garðabæ
Margrét Hálfðánardóttir,
garðyrkjumaður Reykjavík

Varamenn:

Hermann Guðmundsson,
málmiðnaðarm., Reykjavík
Ólafur Hafsteinsson,
bifvélavirki, Hafnarfirði

Tillaga stjórnar um uppstillingarnefnd fyrir aðalfund 2008 kjörin til ársins 2009

Einar Þór Gíslason, *bifreiðasmiður*

Ólafur Hafsteinsson, *bifvélavirki*

Birgir Gíslason, *málari*

Sigurður Hafliðason, *garðyrkjumaður*

Guðmundur Bergsson, *húsasmiður*

Tillaga uppstillingarnefndar fyrir aðalfund 2008 um aðal- og varamenn í helming trúnaðarráðs til ársins 2010:

1. Kristján Þórðarson,
húsasmiður, Vík
4. Kristján Geir Jóhannesson,
bifvélavirki, Kópavogi
6. Kristinn Bjarnason,
bifvélavirki, Reykjavík
8. Sigfús Birgir Haraldsson,
bifvélavirki, Reykjavík

10. Magnús Sigurðsson,
blikksmiður, Selfossi

12. Reynir Pálmason,
bifvélavirki, Reykjavík

14. Finnur Traustason,
málari, Reykjavík

16. Ása Jóhannsdóttir,
garðyrkjum., Reykjavík

18. Guðmundur Ottósson,
bifreiðasm., Reykjavík

20. Reynir Olgeirsson,
blikksmiður, Reykjavík

22. Bjarni E. Gunnarsson,
vélvirki, Akranes

24. Benedikt Jónsson,
garðyrkjum., Reykjavík

26. Birgir Gíslason,
málari, Reykjavík

28. Hlynur Kristjánsson,
húsasmiður, Reykjanesbæ

28. Stefán Angnarsson,
vélvirki, Vestmannaeyjum

30. Árni Stefánsson,
pípulagn., Reykjavík

Kosnir til ársins 2009

(27) Frá ISFS, Gunnlaugur Hauksson,
málm., Reykjanesbæ

(29) Frá SJV Ágúst Einarsson,
húsasmiður, Vestmannaeyjum

(31) Frá SFP, Brynjar Jónsson,
pípulagn., Reykjavík

Varamenn í trúnaðarráði til ársins 2008:

32. Gunnar Geir Ólafsson,
bifvélavirki, Mosfellsbær
34. Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson,
bifvélavirki, Reykjavík
36. Eiríkur Gunnarsson,
bifvélavirki, Reykjavík
38. Guðmundur B. Guðmundss.
húsasmiður, Reykjavík
40. Jón Kristinn Snorrason,
málari, Reykjavík
42. Hjörtur Óli Sigurþórsson,
blikksmiður, Reykjavík
44. Magnús Heiðar Þorgeirsson,
blikksmiður, Reykjavík
46. Jón Kristinn Valsson,
bifvélavirki, Kópavogur
48. Rúnar H. Hauksson,
bifreiðasm., Reykjavík
50. Ingibjörg Jónsdóttir,
húsasmiður, Þorlákshöfn
52. Grímur Björnsson,
vélvirki, Akranesi
54. Ólöf Anna Ólafsdóttir,
garðyrkjum., Reykjavík
56. Linda Þorvaldsdóttir,
málari, Reykjavík

58. Adólf Sigurgeirsson,
málm., Reykjanesbæ

60. Jóhannes Grettisson,
húsasmiður, Vestmannaeyjum

62. Magnús Már Haraldsson,
pípulagn.

Kosnir til ársins 2009

(57) Frá ISFS, Jóhann Kristbergsson,
húsasm., Reykjanesbæ

(59) Frá SJV, Halldór Bjarnasson,
vélvirki, Vestmannaeyjum

(61) Frá SFP, Sigurður Gunnarsson,
pípulagn

Auk þess eiga allir kjörnir trúnaðarmenn á vinnustöðum sæti í trúnaðarráði FIT.

Tillaga uppstillingarnefndar um fulltrúa á ársfund A.S.Í. árið 2008:

1. Hilmar Harðarson
2. Tryggvi Arnarsson
3. Sveinn Ingason
4. Ármann Ægir Magnússon
5. Gunnar Björn Gunnbjörnsson
6. Vilhjálmur Gunnarsson
7. Ólafur Magnússon
8. Georg Óskar Ólafsson
9. Helgi Pálsson
10. Sveinn Jónsson
11. Einar Þór Gíslason
12. Helgi Ólafsson
13. Þorsteinn Kristmundsson
14. Andrés Hreinsson
15. Davíð Ingi Baldursson
16. Ólafur Hafsteinsson
17. Kristján Þórðarson
18. Sigríður Runólfssdóttir

Tillaga uppstillingarnefndar um fulltrúa á aðalfund Sameinaða lífeyris-sjóðsins árið 2008

1. Hilmar Harðarson
2. Andrés Haukur Hreinsson
3. Ármann Ægir Magnússon
4. Einar Þór Gíslason
5. Helgi Pálsson
6. Georg Óskar Ólafsson
7. Vilhjálmur Gunnarsson
8. Gunnar Björn Gunnbjörnss.
9. Helgi Ólafsson
10. Sveinn Ingason
11. Sveinn Jónsson
12. Þorsteinn Kristmundsson
13. Ólafur Hafsteinsson

Varamenn:

1. Tryggvi Arnarsson
2. Kristján Geir Jóhannesson



TRYGGÐU LÍFSGÆÐIN



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • lifeyrir.is

HAGSTÆÐ ÖRORKUVERND FYRIR UNGA FÓLKID

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður þeim sem eru á aldrinum 18-44 ára og eru með séreignarsparnað hjá sjóðnum sérstaka örorkuvernd í samvinnu við Vátryggingafélag Íslands hf.

Örorkuverndin er sniðin að þörfum ungs fólks sem er að hefja störf á vinnumarkaði en hentar einnig þeim sem vilja auka vernd sína komi til varanlegs heilsubrests og þeim er hverfa tímabundið af vinnumarkaði t.d. vegna náms.

Vátryggingarfjárhæðin er 25 milljónir króna fyrir 18-24 ára en lækkar síðan með hækkandi aldri og fellur aðild að vátryggingunni niður eftir að 45 ára aldri er náð.

Ef þú ert á fyrstu árum starfsferils þíns skaltu taka SÉREIGNARSPARNAÐ MEÐ ÖRORKUVERND hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum með í reikninginn.